



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 30/2010

Beiðni Íslandspóstshf. um hækkun gjaldskrár innan einkaréttar

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 1. september 2010 óskaði Íslandspóstur, með vísun til 6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002, eftir samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir PFS) fyrir hækkun burðargjalds á bréfum í þyngdarflokknum 0-50 gr.(innan einkaréttar) úr 75 kr. í 85 kr. eða um 13,3%, frá og með 1. október n.k. Gert var ráð fyrir að tekjuauki félagsins vegna þessa yrði um [...]¹ millj. kr. á árinu 2010.

Jafnframt vísaði fyrirtækið til þess að þann 28. júní 2010 hafi verið sent erindi þess efnis að fyrirhugað væri að breyta þjónustu og verðskrá Íslandspóstshf. frá því sem nú er og bjóða í framtíðinni upp á tvo flokka pósts fyrir sendingar undir 50 gr. Árlegur tekjuauki vegna þessara breytinga hafi verið metinn á um [...] millj. kr. Þar sem útlit sé fyrir því að afgreiðsla þess erindis verði nokkuð tímafrek sé ekki unnt að bíða með viðbrögð við taprekstri félagsins, en tap hafi verið á rekstri þess á tímabilinu janúar til júní 2010 að fjárhæð [...] millj. kr.

Þá tiltekur Íslandspóstur að erindið breyti ekki efni erindis sem sent var þann 28. júní s.l. um breytingar á gjaldskrá innan einkaréttar sem og skilmálum. Hins vegar kunni að reynast rétt að endurmeta grunnfjárhæðir verðskráa með tilliti til mögulegra breytinga frá því að erindið var sent inn og þar til gjaldskrá kann að taka gildi.

II.

Ákvæði laga um pósthjónustu og reglugerðar um bókhaldslega aðgreiningu nr. 313/2002
Gjaldskrár Íslandspóstshf. fyrir alþjónustu og þar með gjaldskrá innan einkaréttar eiga að taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbætti hæfilegri álagningu, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu, sbr. 11. gr. reglugerðar um bókhaldslega aðgreiningu. Þá er einnig kveðið á um það í 4. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar að Póst- og fjarskiptastofnun geti metið hagkvæmni rekstrar og hafnað kostnaði ef sýnt sé fram á að um kostnað sé að ræða sem ekki sé nauðsynlegur við að veita viðkomandi þjónustu.

Samkvæmt framansögðu gengur löggjöfin út á það að gjaldskrár fyrirtækisins eiga að byggjast á raunkostnaði við þjónustuna að viðbætti hæfilegri álagningu. Þetta þýðir þó ekki sjálfkrafa að fyrirtækið eigi lögbundinn rétt til að rekstur þess standi ávallt undir sér. Margvíslegar ástæður geta orðið til þess að fyrirtæki nái ekki tímabundið markmiðum sínum um arðsemi, s.s. vegna ytri skilyrða, rekstur er ekki í samræmi við áætlanir, fjárfestingar

¹ Fellt brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem felldar hafa verið brott innan hornklofa í framhaldinu.

reynast ekki eins hagkvæmar og reiknað var með og aukinn fjármagnskostnaður reynist fyrirtækinu þungbær.

III.

Málsástæður Íslandspósts sem og fyrirhuguð afstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Verður nú gerð grein fyrir röksemdum Íslandspósts sem og fyrirhugaðri afstöðu PFS til þeirra, eins og hún var kynnt fyrirtækinu í bréfi, dags. 14. september 2010. Til hægðarauka verður stuðst við sömu skiptingu og fram kom í erindi fyrirtækisins. Rök fyrirtækisins voru sett fram í 4 töluliðum.

1. Frestun verðskrárbreytinga frá 1. janúar 2010 til 1. mars 2010.

Í erindi Íslandspósts kemur fram að áætlanir félagsins hafi gert ráð fyrir að verð í einkarétti myndi breytast þann 1. janúar 2010, en af því hafi ekki orðið fyrr en þann 1. mars s.l. Tekjutap félagsins miðað við raunverulegt magn á þessu tímabili hafi reynst vera um [...] millj. kr., og fylgdu útreikningar félagsins með því til staðfestingar.

Fyrirhuguð afstaða PFS

Að mati PFS er ákvörðun stofnunarinnar nr. 4/2010, sem heimilaði Íslandspósti að hækka gjaldskrá innan einkaréttar endanleg hvað þennan lið varðar. Horfa verður til lengri tíma þegar áhrif tímasetningar á hækkun á gjaldskrá eru metin. Hér er um að ræða tímabundið tekjutap í rekstri félagsins sem veldur fráviki frá áætlun fyrirtækisins. Að mati PFS er frávikið innan eðlilegra marka um málsmeðferðarhraða og er þá einkum horft til þess að beiðni um hækkun barst þann 4. desember 2009, en ákvörðun PFS lá fyrir þann 17. febrúar 2010.

Telur PFS að sú staðreynd að gildistaka síðustu hækkunar á verðskrá bréfa innan einkaréttar hafi ekki orðið fyrr en þann 1. mars s.l. eigi ekki að leiða sjálfkrafa til þess að tekið verði mið af tekjutapi Íslandspósts miðað við áætlanir fyrirtækisins og þær notaðar sem röksemdir fyrir hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar.

2. Auknir afslættir skv. bráðabirgðaákvörðun Samkeppniseftirlitsins

Í erindi Íslandspósts kemur fram að í samræmi við tilmæli Samkeppniseftirlitsins m.a. í bráðabirgðaákvörðun frá 9. febrúar s.l., hafi Íslandspóstur samið við [X] í febrúar sl. og við [Y] í mars og apríl s.l. um afsláttarkjör sem ekki hafi átt sér grundvöll í kostnaðarlegu hagræði. Áætlað tekjutap frá því að samningurinn var gerður og til loka ársins 2010 sé metið á um [...] millj. kr., sbr. meðfylgjandi útreikninga.

Fyrirhuguð afstaða PFS

Í röksemdum Íslandspósts er m.a. vikið að því að í kjölfarið á bráðabirgðaákvörðun Samkeppniseftirlitsins hafi fyrirtækið þurft að semja um afsláttarkjör sem ekki hafi átt sér grundvöll í kostnaðarlegu hagræði og hafi tekjutap félagsins vegna þessa verið metið á um [...] millj. kr.

Íslandspóstur ber ábyrgð á að þeir skilmálar sem fyrirtækið birtir og gilda eiga um þjónustu fyrirtækisins séu í samræmi við lög um pósthjónustu sem og samkeppnislög á hverjum tíma. PFS getur hins vegar á grundvelli 16. gr. laga um pósthjónustu breytt þeim skilmálum sem í gildi eru ef feni þeirra stangast á við lög um pósthjónustu, reglugerðir á sviði pósthjónustu eða rekstarleyfi fyrirtækisins, sbr. ákvörðun PFS nr. 1/2010.

Samkvæmt ofangreindu ber Íslandspóstur ábyrgð á þeim skilmálum sem gilda um afslátt stórnotenda. Ekki er hægt að líta svo á að mati PFS að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hafi

með beinum hætti falið það í sér að fyrirtækið hafi verið skyldugt til að veita afslætti umfram það sem þegar var kveðið á um í skilmálum og/eða samningum við stórnotendur. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins fellst einungis að Íslandspóstur skuli ganga til samninga við Póstmarkaðinn á grundvelli áætlaðs magns „í samræmi við gjaldskrá Íslandspósts hf. fyrir stórnotendur og skilmála hennar.“ Jafnframt segir Samkeppniseftirlitið að „Viðskiptaskilmálar skulu vera almennir þannig að fyrirtæki sem eiga í samskonar viðskiptum við Íslandspósts hf. njóti sömu kjara.“

PFS bendir á að lög um pósthjónustu áskilja að afslættir til söfnunaraðila „taki mið af kostnaði sem ekki hefur þurft að leggja út í við venjulega pósthjónustu“, eins og segir í 5. mgr. 16. gr. lagaanna.

Eins og fram kemur hér að ofan er það á ábyrgð Íslandspósts að þau afsláttarkjör sem boðin séu hverju sinni byggji á kostnaðarlegu hagræði. Þá verður og að telja að fyrirtækinu sé í löfa lagt að breyta afsláttum og viðskiptaskilmálum svo framarlega sem framangreindar meginreglur séu hafðar í huga. Með erindi Íslandspósts til PFS, dags. 28. júní s.l. var af hálfu fyrirtækisins óskað eftir samþykki stofnunarinnar á breytingum á gjaldskrá innan einkaréttar. Jafnframt voru lagðir fram nýir skilmálar sem taka m.a. til þeirra afsláttarkjara sem stórnotendur njóta. Erindið er nú til meðferðar hjá PFS og hefur m.a. verið kallað eftir athugasemdum frá hagsmunaaðilum. Tilgangurinn með þessum breytingum samkvæmt Íslandspósti er m.a. sá að færa viðskiptaskilmála og þar með afsláttarkjör sem gilda um magnpósts frá stórnotendum til samræmis við það kostnaðarlega hagræði sem Íslandspóstur telur sig hafa við meðhöndlun póstsendinga frá þessum aðilum. Sú hækkun sem hér er til meðferðar felur ekki í sér þá endurskipulagningu á afsláttarkjörum sem fyrirtækið telur nauðsynlegt að fari fram í kjölfarið á bráðabirgðaákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Þvert á móti felur beiðni Íslandspósts það í sér að röng eða misvísandi afsláttarkjör til viðskiptavina miðað við kostnaðarforsendur er velt með beinum hætti á notendur þjónustunnar, þ.á.m. almenning með hækkun gjaldskrár innan einkaréttar.

3. Hækkun tryggingagjalds á árinu 2010

Í erindi Íslandspósts er vikið að því að í rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2010 hafi verið gert ráð fyrir að tryggingargjald sem leggst ofan á laun væri 7% eins og boðað hafi verið á þeim tíma sem áætlunin hafi verið samþykkt. Í lok ársins hafi hins vegar verið samþykkt að tryggingagjald fyrir árið 2010 yrði hækkað í 8,6% og tiltekið að kostnaðarauki Íslandspósts vegna einkaréttarbréfa á öllu árinu 2010 metinn á um [...] millj. kr., sbr. meðfylgjandi útreikninga.

Fyrirhuguð afstaða PFS

Hvað varðar hækkun tryggingargjalds þá telur stofnunin rétt að benda á að í erindi Íslandspósts, dags. 4. desember 2009 kemur m.a. fram undir liðnum „Kostnaðarhækkunir“ hvers vegna nauðsynlegt sé að hækka gjaldskrá innan einkaréttar, þar segir: „Gert er ráð fyrir að kostnaðarauki félagsins vegna hækkunar tryggingargjalds í júlí sl. (úr 5,34% í 7%) og fyrirhuguð hækkun í janúar nk. (úr 7% í 8,6%) verði um 100 millj. kr. á árinu 2010“ Í ákvörðun PFS nr. 4/2010 var framangreint tiltekið sérstaklega sem ein af forsendunum fyrir samþykki PFS á hækkunarbeiðni Íslandspósts, en tryggingargjaldið hækkaði 1. janúar 2010 í 8,65%. Þar með telur PFS að stofnunin hafi þegar tekið tillit til hækkunar tryggingargjalds á árinu 2010 í ákvörðun nr. 4/2010. Samkvæmt því verður sú beiðni sem hér er til meðferðar um hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar ekki byggð á þeirri hækkun tryggingargjalds sem vísað er til í erindi Íslandspósts.

4. *Frestun innleiðingar svokallaðs XY-kerfis með tilheyrandi frestun á lækkun kostnaðar*
Að lokum bendir Íslandspóstur á að við gerð fjárhagsáætlunar félagsins fyrir árið 2010 hafi komið í ljós að með óbreyttu dreifingarfyrirkomulagi í ljósi minnkandi magns yrði ekki unnt að ná endum saman í rekstri félagsins og þá enn síður að skila eðlilegri ávöxtun á eigið fé þess. Einn liður í þeim hagræðingaraðgerðum sem ljóst var að grípa þyrfti til hafi verið að hefja undirbúning að breytingum á póstdreifingu með því að taka upp svokallað XY-fyrirkomulag. [...].

Fyrirhuguð afstaða PFS

Í umsókn Íslandspósts, dags. 4. desember 2009, til PFS um hækkun gjaldskrár innan einkaréttar, sem lauk með ákvörðun PFS nr. 4/2010 kom hvergi fram að XY- breytingin væri nauðsynleg hagræðingaraðgerð og þar með forsenda til að rekstur ársins 2010 væri réttu megin við núllið.

Sá dráttur sem orðið hefur á innleiðingu XY kerfisins má m.a. rekja til tilmæla Samkeppniseftirlitsins, dags. 29. apríl 2010 um að Íslandspóstur frestaði þeim breytingum á útburði sem áætlaður voru af hálfu Íslandspósts til 15. maí s.l. Í framhaldi af því áttu sér stað nokkur bréfaskipti á milli Samkeppniseftirlitsins og Íslandspósts þar sem fjallað er m.a. um umræddar breytingar. Póst- og fjarskiptastofnun fékk fyrst afrit af umræddum gögnum með tölvupósti þann 28. ágúst sl. Með bréfi Íslandspósts, dags. 7. júní s.l. óskaði Íslandspóstur eftir álitum Póst- og fjarskiptastofnunar á því hvort fyrirhuguð breyting bryti á einhvern hátt í bága við gildandi lög og reglur á sviði pósthjónustu. Engar upplýsingar bárust hins vegar um þau samskipti sem átt höfðu sér stað við Samkeppniseftirlitið um sama mál. Þann 28. júní s.l. barst stofnuninni erindi frá Íslandspósti um breytingar á skilmálum sem og gjaldskrá innan einkaréttar. Stofnunin efndi til samráðs við hagsmunadila og er verið að vinna úr þeim gögnum sem borist hafa. Eitt af þeim atriðum sem nú kemur nýtt inn í skilmála Íslandspósts er ákvæði um dreifingu magnpósts á allt að fimm dögum. Vegna ábendinga sem borist höfðu frá hagsmunadilum, m.a. þess efnis að það stæðist ekki ákvæði laga um pósthjónustu að Íslandspóstur tæki sér allt að fimm daga til að dreifa póstsendingum frá stórnotendum, var ákveðið að sameina erindi Íslandspósts frá 7. júní við erindi fyrirtækisins, dags. 28. júní, þar sem ljóst mátti vera að ágreiningur var um hvort það stæðist ákvæði laga um pósthjónustu að dreifa magnpósti á allt að fimm dögum.

Með bréfi, dags. 8. september barst PFS nýtt erindi þar sem tilkynnt er um breytingar á núgildandi skilmálum fyrirtækisins og skilmálum um allt að fimm daga dreifingu, sem áður hafði verið í samningum fyrirtækisins við stórnotendur settir inn í núgildandi skilmála. Með hliðsjón af þeim ágreiningi sem er uppi um lögmæti þessarar aðgerðar Íslandspósts var efnt til samráðs við hagsmunadila. Niðurstöðu PFS er að vænta fljótlega eftir að samráðinu lýkur.

Þá telur PFS einnig að hagræðið af fyrirhuguðum breytingum Íslandspósts á dreifingu póstverði ekki metið með trúverðugum hætti nema að fyrir liggja ítarleg greining á undirliggjandi kostnaði fyrirtækisins, fyrirkomulagi afsláttar o.fl., eins og nú fer fram, sbr. erindi Íslandspósts, dags. 28. júní s.l.

Með hliðsjón af ofangreindu telur PFS að ekki séu forsendur fyrir því að tekið verði tillit til þessa hugsanlegs taps fyrirtækisins við mat á því hvort forsendur séu til hækkunar á gjaldskrá innan einkaréttar á grundvelli erindisins þann 1. september s.l.

Önnur atriði

Auk framangreinds telur Póst- og fjarskiptastofnun að í ljósi þess að nú er unnið að úttekt á bókhaldi fyrirtækisins séu ekki forsendur til þess að taka hækkunarbeiðni fyrirtækisins til afgreiðslu í sérstöku máli. Er þá m.a. horft til þess að verið er að greina hver kostnaður fyrirtækisins er af alþjónustu og hvernig kostnaði er skipt upp á milli einkaréttar og samkeppnisrekstrar.

Þá telur PFS að erindi Íslandspósts sé í raun framhald af beiðni fyrirtækisins um hækkun frá 4. desember 2009, sem endaði með ákvörðun nr. 4/2010, með veginni meðaltalshækkun upp á 5,8%. Ef sú beiðni Íslandspósts sem hér er til meðferðar verður samþykkt, myndi það þýða 20% hækkun á árinu 2010. Slík hækkun verður ekki rökstudd nema að fyrir liggi ítarleg greining á undirliggjandi kostnaði fyrirtækisins eins og nú fer fram, sbr. erindi fyrirtækisins, dags. 28. júní s.l.

Með vísun til ofangreindra röksemda telur stofnunin að ekki séu forsendur til þess að taka hækkunar beiðni fyrirtækisins frá 1. september s.l. um hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar til greina. Stofnunin gerir sér hins vegar ljóst að til langframa er óviðunandi að rekstur Íslandspósts standi ekki undir sér og áréttar mikilvægi þess að allar gjaldskrár fyrirtækisins, sem og þau afsláttarkjör sem eru í boði til viðskiptavina taki mið af undirliggjandi kostnaði eins og heimilt er lögum samkvæmt. Úrvinnsla erindisins frá 28. júní s.l. er sérstaklega mikilvæg í þessu ljósi. Stofnunin mun þannig taka tillit til þeirra kostnaðarliða Íslandspósts, sem sannarlega hafa áhrif á þá þjónustu sem fyrirtækinu er skylt að veita, sbr. ábending Íslandspósts um að það kunni að reynast rétt að endurmeta grunnfjárhæðir verðskráa frá því að erindi fyrirtækisins, dags. 28. júní s.l., var sent inn og þar til ný gjaldskrá kann að taka gildi. Af því leiðir að ef það tekjutap fyrirtækisins sem og aukinn kostnaður sem tíundaður er í þessu erindi á að leiða til hækkunar á gjaldskrá innan einkaréttar, þá verður það leiðrétt í væntanlegri ákvörðun PFS, vegna erindis Íslandspósts, dags. 28. júní 2010.

IV.

Andmæli Íslandspósts og niðurstaða PFS

1.

Með bréfi PFS, dags. 14. september 2010 var Íslandspósti gefið tækifæri til að tjá sig um þá fyrirhuguðu ákvörðun stofnunarinnar að synja beiðni fyrirtækisins frá 1. september s.l. um hækkun á gjaldskrá bréfa innan einkaréttar úr 75 kr. í 85. kr. Frestur til að koma að athugasemdum var gefinn til 28. september 2010. Athugasemdir fyrirtækisins bárust þann dag. Verður nú gerð grein fyrir sjónarmiðum fyrirtækisins eftir því sem ástæða er til sem og afstöðu PFS.

Í upphafi bréfs síns kemur fram að í hækkunarbeiðni fyrirtækisins frá 1. september sl. séu rakin þau frávík á rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2010 sem leiða til þess að verulegur taprekstur mun verða á einkarétti á árinu 2010 ef ekki verði brugðist við með mögulegum og viðeigandi hætti.

Ekki sé um aðrar tekjur að ræða en þær sem stafa af seldum vörum og þjónustu og allur kostnaður greiddur með tekjum félagsins. Eins og nú sé ástatt virðist óumflýjanlegt að taprekstur verði af einkaréttarhluta Íslandspósts og því afar mikilvægt að grípa til viðeigandi aðgerða til að koma í veg fyrir frekara tap. Þær aðgerðir geti falist í því að lækka kostnað og hækka verðskrá. Nú þegar hafi verið gripið til margvíslegra aðgerða til að draga sem mest úr kostnaði. Margar þeirra aðgerða, sem til mestrar hagræðingar leiða, séu þó háðar samþykki eftirlitsaðila og ekki á færi Íslandspósts að beita þeim án samþykkis.

Íslandspóstur gerir eftirfarandi athugasemdir við hina fyrirhuguðu ákvörðun PFS um synjun á hækkun innan einkaréttar. Stuðst er við sömu tölusettu liði og áður.

1. Frestun verðskrárbreytinga frá 1. janúar til 1. mars 2010.

Íslandspóstur bendir á að frestun hafi orðið á gildistöku hækkunar frá því sem rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2010 gerði ráð fyrir og þurfi þær tekjur því að koma fram á annan hátt.

2. Auknir afslættir skv. bráðabirgðaákvörðun Samkeppniseftirlitsins

Íslandspósti er ljóst að félagið ber ábyrgð á því að þeir skilmálar sem birtir eru og gilda um þjónustu þess séu í samræmi við lög um pósthjónustu og samkeppnislög á hverjum tíma. [...].

Viðbrögð Íslandspósts við því að félaginu var gert að semja á svo óheppilegan hátt, voru m.a. að setja af stað vinnu við endurskoðun viðskiptaskilmála félagsins ásamt því að skipta upp verðskrá félagsins í *Almenn bréf innanlands* og *Magnpóst*. Með þessum breytingum var leitast við að gera viðskiptaskilmála ítarlegri, skýrari og gagnsærrri en áður var. Skilmálabreytingin er sem kunnugt er til umfjöllunar hjá Póst- og fjarskiptastofnun og fyrirséð að niðurstaða kunni að dragast fram á næsta ár. Er það meðal annars af þeim sökum, þ.e. hve langur tími er líklegt að líði þangað til niðurstaða fæst, að sótt er um hækkun verðskrár fyrir bréf innan einkaréttar nú.

Í bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar frá 14. september sl. kemur fram að mat stofnunarinnar sé að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hafi ekki með beinum hætti falið það í sér að Íslandspósti hafi verið skylt að veita afslætti umfram það sem þegar var kveðið á um í skilmálum og/eða samningum við stórnotendur. Það er í sjálfu sér rétt þar sem Íslandspósti var ekki gert skylt að veita afslætti umfram það sem kveðið er á um í skilmálum og/eða samningum við stórnotendur heldur gert skylt að hafa samning við tiltekinn aðila rýmri, s.s. varðandi fjölda afhendinga pósts í póstmíðstöð yfir daginn, þannig að viðeigandi hagræði næst ekki.

Ennfremur kemur fram í bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar að beiðni Íslandspósts feli það í sér að röng eða misvísandi afsláttarkjör til viðskiptavina miðað við kostnaðarforsendur er velt með beinum hætti á notendur þjónustunnar, þ.á.m. almenning, með hækkun verðskrár innan einkaréttar. Íslandspóstur getur tekið undir það að afar óheppilegt sé að velta röngum og misvísandi afsláttarkjörum með þessum hætti yfir á alla notendur þjónustunnar en því miður verður ekki séð með hvaða öðrum hætti á að standa undir óhagræðinu. Tekið skal fram að í bréfaskriftum við Samkeppniseftirlitið í aðdraganda og kjölfar bráðabirgðaákvörðunar stofnunarinnar frá því í febrúar sl. áskildi félagið sér allan rétt, m.a. vegna fjártjóns sem kynni að leiða af því að félaginu væri í reynd gert skylt að sæta óeðlilegum kvöðum, án nokkurra rekstrarlega forsenda, í viðskiptum sínum við stórnotendur.

Ofangreint fyrirkomulag leiði því óhjákvæmilega til þess að tekjur félagsins af bréfum innan einkaréttar eru um 66 millj. kr. lægri en ella hefði verið og gert var ráð fyrir í rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2010, án þess að unnt sé að hagræða á móti. Þær tekjur þurfa því að koma fram á annan hátt þangað til unnt er að draga úr kostnaði með viðeigandi hætti.

3. Hækkun tryggingagjalds

Þegar rekstraráætlun Íslandspósts fyrir árið 2010 var afgreidd í nóvember 2009 lágu ekki fyrir aðrar upplýsingar um tryggingagjald en að það yrði 7% ofan á laun og gert hafi verið ráð fyrir því í rekstraráætluninni. Í árslok 2010 hafi hins vegar verið samþykkt að hækka tryggingagjald enn frekar eða í 8,65% af launum og ekki hafi verið gert ráð fyrir þeirri hækkun á tryggingagjaldi í rekstraráætlun félagsins. Í yfirliti sem sent var með erindi

Íslandspóstur þann 1. september sl., um fjárhæðir vegna breyttra rekstrarforsenda innan einkaréttarpósts fyrir árið 2010 sé þessi viðbót 18 millj. kr. sem tilheyrir einkaréttarhlutanum, tilgreind þar sem hún var ekki í rekstraráætlun fyrir árið 2010.

4. Frestun innleiðingar svokallaðs XY-fyrirkomulags með tilheyrandi frestun á lækkun kostnaðar.

Í athugasemdum Íslandspósts er vikið að því að þegar ákvörðun hafi verið tekin um að innleiða XY-fyrirkomulagið hafi verið talið öruggt að fyrirkomulagið stangaðist ekki á við gildandi lög og reglur um póstpjónustu og þær skyldur sem á félaginu hvíla samkvæmt þeim. Enda séu í samningum við alla stórnotendur ákvæði um að pósti megi dreifa á allt að fimm dögum. Ekki hafi því verið talið að samþykki eftirlitsaðila þyrfti til. Afleiðing þess að umrætt fyrirkomulaga hafi ekki verið tekið upp er sú að nú þegar megi gera ráð fyrir að kostnaðurinn sé orðinn á bilinu [...] millj. kr. hærrí en rekstraráætlanir félagsins gerðu ráð fyrir og sé því óskað eftir verðskrárhækkun nú m.a. til að standa straum af þeim kostnaði.

Með vísun til ofangreindra atriða telur Íslandspóstur að jafnvel þó góðar og gildar ástæður kunní að vera fyrir því að einhver þeirra séu með þeim hætti sem orðið er, breyti það ekki því að fyrirsjáanlegt sé að félagið verði rekið með tapi á árinu 2010 verði ekkert að gert.

Þá telur fyrirtækið að beiðni fyrirtækisins um hækkun sé ekki framhald af eldri beiðni, dags. 4. desember 2009 (sjá ákvörðun PFS nr. 4/2010). Í þeirri beiðni sem nú er til meðferðar sé verið að fjalla um frávík og breyttar forsendur á árinu 2010 eða eftir að rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2010 var samþykkt í nóvember 2009 en þær leiði til þess að félagið sé rekið með tapi. Íslandspóstur geti tekið undir það að 20% hækkun á einu ári sé mikil en allt að einu sé það óhjákvæmilegt í ljósi þeirra atriða sem rakin eru í hækkunarbeiðninni. Að lokum vísar Íslandspóstur til þess að burðargjöld hér á landi séu töluvert lægri en í nágrannalöndunum.

2.

Afstaða PFS

Í svarbréfi Íslandspósts, dags. 28. september s.l., vegna hinnar boðuðu ákvörðunar PFS, sem sent var fyrirtækinu með bréfi, dags. 14. september sl., um höfnun á hækkun á gjaldskrá bréfa innan einkaréttar, eru engin gögn lögð fram né nýjum sjónarmiðum teflt fram sem fá breytt fyrri afstöðu stofnunarinnar sem rakin var hér að framan í kafla III. Með vísun til þess sér stofnunin ekki ástæðu til að hverfa frá áður boðaðri afstöðu til hækkunarbeiðni Íslandspósts.

Með vísun til þeirra röksemda sem fram koma í bréfi stofnunarinnar, dags. 14. september 2010 er beiðni Íslandspósts um hækkun á gjaldskrá bréfa innan einkaréttar hafnað.

Ákvörðunarorð

Beiði Íslandspósts, dags. 1. september 2010 um hækkun á gjaldskrá bréfa innan einkaréttar úr 75 kr. í 85 kr. er hafnað.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 18. október 2010

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson